

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 11. ágúst 2021  
UST202104-275/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr 3 (400.03.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði**

Umhverfisstofnun barst þann 21. apríl sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði. Geymirinn er nr. T2020, / nr. 3 (400.03.00) í birgðastöðinni á Ísafirði. Geymirinn er 1.145 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1977 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins við Mávagarð.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 27. mars 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í ágætis ásigkomulagi að innanverðu og lítur afar vel út að utanverðu. Gólf er ómálað ásamt neðsta umfari. Gólfið er alsett u.þ.b. 0,5mm dúpum pyttum og fannst einn pyttur sem var 2,2mm í 8mm plötu. Að öðru leiti er ástand yfirborðs botns og hliðar platna gott.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri